



Kópavogur júní 2006

Efni: Sírita- og rekjanleikabjónusta Matvælatækni og SGS

Kæri útflytjandi

Með þessum línunum vil ég kynna fyrir þér nýja bjónustu sem ég býð hér á landi og erlendis í samvinnu við alþjóðlegu skoðunarstofuna SGS (www.sgs.com), en ég hef verið umboðsmaður þeirra hér á landi frá 1989.

Reynslan hefur sýnt að þegar eitthvað fer úrskeiðis í farmflutningum á fiskafurðum getur það haft bein áhrif á umhverfi farmsins þ.m.t. hitastig þar sem varan er geymd.

Sírita- og rekjanleikabjónusta okkar í hitastigsmælingum farmflutnings miðar að því að auka öryggi seljanda og afhenda honum staðfestar, skriflegar upplýsingar um raunverulegt hitastig afurða í flutningum - alla leið.

Bjónustuferlill

- VIÐ AFHENDINGU FARMS TIL FLUTNING:** Við mætum á þann stað sem fiskafurðirnar eru settar í gáminn/flutningstækið og leggjum innsiglaða síritahitanema í sendinguna. Hver síriti er forritaður sértaklega fyrir fram. Fiskafurðirnar geta verið kældar eða frosnar. Hitastigsmæling fer að öllu jöfnu fram á nokkurra mínútna fresti og er skráð í hverjum sírita fyrir sig.
- Á MÓTTÖKUSTAÐ:** Samstarfsaðili okkar **SGS erlendis** tekur síritana úr sendingunni við afhendingu hennar hjá kaupanda vöru og kemur þeim í flutning í gegnum hraðsendingarfyrirtæki s.s. *DHL*.
- ÚRVINNSLA HJÁ MATVÆLATÆKNI:** Við tökum við síritunum og prentum úr nákvæma hitastigsskýrslu, bæði sem línurit og tölulega. Önnur úrvinnsla, túlkun og framsetning fer eftir óskum viðskiptavinar. Vottorð er síðan gefið út og sent til viðskiptavinar okkar.



Matvælafræðingur

Tafir hjá flutningsaðilum, bilun eða önnur atvik geta hvar og hvenær sem er orsakað breytingu á réttu geymslu- og flutningshitastigi vörunnar.

Tjón seljanda sem af þessu hlýst fæst oft ekki bætt eða þá að bætur eru ekki fullnægjandi. Þessi ferill getur þar að auki verið kostnaðasamur og skapað ýmis vandamál.

Staða seljanda er mjög oft veik í þeim tilfellum þar sem hann getur ekki lagt fram fullnægjandi sönnun á misfellum, varðandi geymsluhitastig afurðanna yfir þann tíma sem farmurinn var í ábyrgð farmflytjanda. Auk þess geta eigin mælingar seljanda hvenær sem er verið véfengdar í ljósi þess að þær eru ekki gerðar af hlutlausum aðila.

Sírita- og rekjanleikabjónusta okkar okkar byggir á traustum grunni:

(1) Yfir 20 ára reynslu sem ráðgefandi fagaðilar á sviði gæða- og matvælaöryggismála fyrir allan matvælaíðnað á Íslandi og þar með talda fiskvinnslu. Fagmenntun okkar er m.a. á sviði matvælafræði, iðnaðarverkfræði, rekstrarfræði og gæðastjórnunar.

(2) Samstarfsaðili okkar erlendis er hin virta alþjóðlega skoðunarstofa SGS (www.sgs.com) sem eru með starfsmenn í öllum upp- og útskipunarhöfnum og flughöfnum heims.

Hafðu samband

[Ég vil bjóða þér að leita frekari upplýsinga hjá okkur um þessa þjónustu.](#) Við getum gefið fast tilboð ef við vitum umfang farms auk brottfarar- og áfangastaðar.

Með bestu kveðju;

Hákon Jóhannesson
matvælafræðingur